



Alþingi  
Helga E. Þórisdóttir  
Þórshamri v/Templarasund  
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 18. mars 2002

### Efni: Umsögn um Frumvarp til laga um verndun hafs og stranda - 492. mál

Akureyrarbær gefur hér með umbeðna umsögn um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda (þingskjal 782, 492. mál).

Akureyrarbær leggur áherslu á að lög um verndun hafs og stranda eins og annars umhverfis séu skýr og afgerandi. Bærinn hefur tekið virkan þátt í umhverfisstarfi íslenskra sveitarfélaga, t.d. staðfesti bæjarstjórn þann 6. febr. 2001 svonefnda Ólafsvíkuryfirlýsingu, sem lýsir vilja til að leggja sitt af mörkum til að umhverfinu sé skilað til komandi kynslóða í ekki síðra ástandi en það er nú í.

Markmið fyrirliggjandi frumvarps lýtur einmitt að því að vernda umhverfið, í þessu tilviki haf og strendur, gegn hverskonar mengun. Lífsafkoma Íslendinga byggist að mestu leyti á afurðum hafsins og því verða lög til verndunar þess að vera eins traust og mögulegt er.

#### Um 3. gr.

Við skilgreiningu **hafnarsvæðis** í þessu samhengi verður að gæta þess að slökkvilið sveitarfélags hefur allt land sveitarfélagsins undir (lög um brunavarnir nr. 75/2000). Hlutverk þess er m.a. viðbúnaður við mengunaróhöppum á landi og viðbrögð við þeim. Grundvallaratriði er að ekki myndist réttaróvissa um hver beri ábyrgð á viðbúnaði og viðbrögðum mengunaróhappa eftir staðsetningu þeirra.

**Mengunarvarnabúnaður** er ekki skilgreindur í greininni, en í 13. gr. má skilja, að um sé að ræða búnað sem er í eigu hafnanna og ætlaður er til að verjast mengun innan hafnarsvæða. Í reglugerð nr. 465/1998 er sá búnaður skilgreindur, sem "*búnaður til að bregðast við bráðamengunaróhöppum einkanlega olíumengunaróhöppum. Hann samanstendur yfirleitt af flotgirðingum, olíuupptökutækjum, dreifiefnum og öðrum skyldum búnaði*. Þessi skilgreining (eða sambærileg) þarf að vera í þessari gr.

#### Um 7. gr.

Brott falli eftirfarandi setning í 1. mgr. greinarinnar: "Eigendum skipa er þó heimilt að takmarka fjárhagslega ábyrgð sína." Ábyrgð aðila á mengunartjóni, eins og öðrum tjónum, hlýtur að fara eftir almennum skaðabótareglum, eins og segir í setningunni næst á undan.

#### Um 11. gr.

Heiti greinarinnar "Hlutverk hafnarstjórna" hlýtur að vera mistök. Þarna á að standa "Móttaka á úrgangi" eða eitthvað slíkt. "Hlutverk hafnarstjórnar" hlýtur að vera víðara en að sjá um úrgangsmál. Í greininni er vísað í leiðbeiningar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, en hvergi sést hvar þær er að finna. Jafnframt sýnist eðlilegt að í þessu samhengi sé vísað til reglugerðar um úrgang nr. 805/1999 og/eða samþykktu um sorphirðu sveitarfélaga (t.d. Samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000).

### Um 13. gr.

Skv. þessari grein (og 19. gr.) virðist svo sem að svæðisráð séu gerð að mun umfangsmeiri rekstraraðila en ástæða er til. Mikilvægt er að yfirstjórn/samræming sé ekki kostnaðarsamari en nauðsyn ber til.

Um starfsemi ráðanna er margt óljóst, t.d.:

- með hvaða hætti yfirtekur svæðisráð mengunarvarnabúnað hafnanna
- hvernig verður starfsemi svæðisráða fjármögnuð
- hvernig skal greiða fyrir umsjón mengunarvarnabúnaðarins

### Um 14. gr.

Rétt er að fella saman í eitt tvö fyrstu (af þremur) atriðin í a.-lið greinarinnar í eina setningu, t.d. svona: *Hafnarstjóri í umboði hafnarstjórnar annast minniháttar hreinsun innan hafnarsvæðisins og grípur til hreinsunar og annarra viðeigandi ráðstafana til að forða frekara tjóni vegna bráðamengunar.*

Vandséð er að í tilkynningaskyldu hafnarstjóra til Hollustuverndar geti falist annað en sjálfsögð upplýsingagjöf. Eðlilegast er að hafnarstjóri meti, eftir atvikum í samráði við svæðisráð, umfang þeirrar utanaðkomandi aðstoðar sem nauðsynleg er, þar á meðal aðkomu Hollustuverndar. Áskilin fræðsla og þjálfun hafnarstarfsmanna, sbr. hlutverk svæðisráða, veitir full skilyrði til að að þeir séu færir um slíkt mat.

### Um 19. gr.

Í 1. mgr. segir að svæðisráð skipi umsjónarmann mengunarvarnabúnaðar “á svæðinu”, en í 3. mgr. sömu greinar segir að svæðisráð sjái um geymslu og viðhald þess mengunarvarnabúnaðar sem til staðar er. Í “umsjón”, sbr. umsjónarmaður, hlýtur að felast m.a. geymsla og viðhald búnaðar, svo að ekki verður betur séð en þessar setningar stangist á.

Síðasta setning greinarinnar “Ennfremur skal stofnunin (þ.e. Hollustuvernd) sjá um að koma upp nauðsynlegum mengunarvarnabúnaði í höfnum landsins” er fullstutt um stórt mál. Er átt við að komið verði upp búnaði, þar sem enginn búnaður er núna, eða er um viðbót við núverandi búnað, nema hvort tveggja sé?

### Um 21. gr.

Það er með öllu óraunhæft og engin nauðsyn á að setja gjaldskrá vegna notkunar mengunarvarnabúnaðar hafna. Einfaldast er að nota áfram sama fyrirkomulag og verið hefur, að mengunarvaldur greiðir kostnað sem hlýst af því að einhver hlutur skemmist eða eyðileggst, kostnað vegna vélavinnu, efnanotkunar og/eða vinnu. Einingarverð þessara þátta liggja öll ljós fyrir á hverjum tíma. Annað mál er með kostnað vegna slits á búnaðinum. Hafnir þurfa tekjur til að mæta því. Í því skyni er hér lagt til að höfnum verði heimilað að innheimta gjald, sem nefna mætti *menngunarvarnargjald hafnar* á öll skip sem koma í höfn, svipað og gert er með sorphirðugjald á skip.

### Um fylgiskjal I

Í upptalningu í fylgiskjali I vantar tvímælalaust “olíubirgðastöð”.

### Almennt

Setja verður nýja reglugerð í stað reglugerðarinnar nr. 465/1998 sem allra fyrst eftir að frumvarp þetta verður að lögum til að tryggja samræmi hlutana.

Nauðsynlegt er að samræma þetta lagafrumvarp (að svo miklu leyti sem við á) þeim anda sem liggur að baki frumvarpi til nýrra hafnalaga (og nú liggur fyrir Alþingi).

Að teknu tilliti til eftirfarandi atriða hvetur Akureyrarbær háttvirt Alþingi til að afgreiða þetta frumvarp sem lög.

The image shows a handwritten signature in blue ink, which appears to be 'Sveinur Gunnarsson', written over a circular official stamp. The stamp contains the text 'BEJAFSTJÓRN' at the top and 'AKUREYRI' at the bottom, with a central emblem. The signature is written in a cursive style.